

kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd íðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desembermánaðar.

Nr.28/1902:

Hið opinbera

gegn

verzlunarstjóra Joh. Christensen.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 12. ágúst þ. á., var hinn kærði, verzlunarstjóri Höepfners verzlunar á Akureyri, Joh. Christensen, dæmdur fyrir ólöglega verzlun með áfenga drykki við téða verzlun samkvæmt 2. gr. laga 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, í 150 kr. sekt til bæjar-sjóðs Akureyrar, og skyldu jafnframt allir áfengir drykkir, er hjá honum fyndust, gjörðir upptækir og andvirði þeirra renna í sama sjóð og sektin. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir hlutadeigandi amtmaður samkvæmt ósk hins kærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Mál þetta var rekið og dæmt í héraði af manni, er settur var eftir beiðni hins reglulega dómara til þess að þjóna embætti hans í fjarveru

hans, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð að öllu leyti. Þó hefir hinum reglulega dómara eigi verið stefnt við áfrýjun málsins, heldur hinum setta umboðsmanni hans einum. Það virðist þó eftir atvikum mega líta svo á, sem áfrýjunarstefnunni sé einnig beint að umboðsmanninum fyrir hönd hins reglulega dómara, er ábyrgðina ber, og að umboðsmaðurinn hafi tekið á móti birting stefnunnar einnig fyrir hönd hins reglulega dómara, og er því eigi álitin fullnæg ástæða til að láta þenna formgalla á málinu teyja það.

Verzlun sú á Akureyri, er hinn kærði veitir forstöðu, og þar sem hin ólöglega áfengisverzlun á að hafa átt sér stað, hefir verið eign kaupmanns Carls Höepfners í Kaupmannahöfn og rekin á Akureyri samkvæmt borgarabréfi útgefnu 9. júní 1865 og hljóðandi upp á nafn téðs Carls Höepfners. Í sept. f. á. andaðist eigandi verzlunarinnar Carl Höepfner og keypti þá kærði verzlunarleyfi handa ekkju hans, ekkjufrú A. Höepfner í Kaupmannahöfn, og litlu síðar sótti hann fyrir hennar hönd um leyfi til áfengissölu samkv. lögum 11. nóv. 1899, en var neitað um það. Hætti kærði þá áfengissölu við verzlunina frá síðastliðnu nýári, en byrjaði á henni aftur í aprílmánuði síðastliðnum eftir skipun frú Höepfner, sem taldi sig hafa rétt til að halda verzlun manns síns áfram samkvæmt borgarabréfi hans, þar sem hún sæti í óskiftu búi eftir hann, einnig áfengisverzluninni samkvæmt 1. lið 2. greinar í nefndum lögum 11. nóv. 1899. Fyrir áfengissölu þá, er kærði hefir

þannig rekið við verzlunina eftir fráfall Carl Höepfners, bæði síðari hluta ársins 1901 og aftur síðan í aprilmán. þ. á., hefir því næst mál þetta verið höfðað gegn honum, og var það dæmt í lög-reglurétti Akureyrar með þeim úrslitum, sem fyr segir.

Spurningin í máli þessu er nú sú, hvort ekkja Carl Höepfners kaupmanns hafi haft rétt til þess, eins og hún heldur fram, að nota verzlunarleyfi eða borgarabréf manns hennar, eftir að hann var fallinn frá, því að undir úrlausn þeirrar spurningar er það komið, hvort hinn kærði, verzlunarstjóri hennar, hefir gjört sig sekan í ólöglegri áfengisverzlun, þeirri er hann er kærður fyrir. Eins og áður hefir verið tekið fram, keypti reyndar kærði nýtt verzlunarleyfi handa ekkjunni og sótti um áfengissöluleyfi handa henni, eftir að maður hennar var dáinn, en þetta getur ekki álitist hafa breytt réttarstöðu ekkjunnar, að því er verzlunarréttindin snertir, til hins verra, enda er það fram komið í málinu, að kærði gjörði þetta hvorttveggja af misskilningi eða án heimildar frá ekkjunnar hálfu. En að því er kemur til aðalspurningarinnar í málinu, þá verður yfirdómurinn að vera sömu skoðunar og undirdómarinn um það, að verzlunarréttur C. Höepfners hafi fallið niður við fráfall hans, svo að ekkja hans hafi eigi getað haldið áfram verzluninni í skjóli þess borgarabréfs eða verzlunarleyfis, er útgefið var handa honum. Í lögum vorum, opnu bréfi 28. desbr. 1836, 2. gr., og nú lögum 7. nóv. 1879, 2. gr., er það boðið, að hver

sá, er vill reka verzlun á Íslandi, skuli kaupa til þess viðurkenningarbréf eða borgarabréf, og þar sem engin undantekning er gjörð frá því ákvæði, er eigi heimild til að skilja það svo, að nokkur annar en sá, er viðurkenningarbréfið eða borgarabréfið hljóðar upp á, geti notað bréfið til að reka verzlun í skjóli þess, hvort heldur það er ekkja þess, er bréfið fekk, jafnvel þótt hún sitji löglega í óskiftu búí, eða erfingjar hans. Verzlunarleyfi eða borgarabréf Carl Höepfners hljóðaði nú, eins og áður er tekið fram, upp á nafn hans eins, og gat hann því einn notað það, en ekki ekkja hans eftir hans dag. Því hefir verið haldið fram í málinu, að það hafi viðgengist á Íslandi, að ekkja hafi notað borgarabréf eða veitingaleyfi manns síns að honum látnum, án þess að fá nýtt leyfisbréf; en þó að þetta hafi komið fyrir í einstöku tilfellum og verið látið afskiftalaust, þá sannar það ekki, að það hafi verið álitnið lögum samkvæmt, enda eru og dæmi til þess, að hið gagnstæða hefir átt sér stað, að ekkja hefir tekið nýtt borgarabréf eftir lát manns hennar.

Samkvæmt framansögðu verður ekki álitnið, að verzlun sú, er kærði veitir forstöðu á Akureyri, hafi lögum samkvæmt getað haldið áfram í skjóli borgarabréfs þess, er Carl Höepfner hafði, og áfengissala við verzlunina gat því eigi haldist löglega eftir það er Carl Höepfner andaðist, og þar sem kærði hefir þó haldið slíkri verzlun áfram eftir þann tíma, er það rétt, að lögregluréttardómarrinn hefir dæmt hann fyrir ólöglega áfengissölu

samkvæmt lögum 11. nóv. 1899, 13. gr. sbr. 2. gr. 1. málslíð, og þykir sekt sú, er kærða ber að greiða, hæfilega ákveðin 100 kr., sem renni í bæjarsjóð Akureyrar. Svo skulu og allir áfengir drykkir, sem í verzluninni finnast, gjörðir upptækir og andvirði þeirra renna í bæjarsjóð Akureyrar. Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði verzlunarstjóri Joh. Christensen á Akureyri greiði í sekt 100 — eitt hundrað — krónur, er renni í bæjarsjóð Akureyrar kaupstaðar, og skulu allir áfengir drykkir, er í verzlun þeirri finnast, er hann hefir veitt og veitir forstöðu á Akureyri, upptækir gjörðir og andvirði þeirra renna í bæjarsjóð Akureyrar kaupstaðar. Kærði greiði allan kostnað máls þessa í héraði og allan af áfrýjun þess leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá

lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 29/1902:

Réttvísni

gegn

Nikulási Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 12. sept. þ. á., var hinn ákærði Nikulás Guðmundsson frá Bólstaðarhlíð dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 232. gr. 1. másl. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til verjanda síns í héraði, cand. Gríms Jónssonar, 8 kr., en dómi þessum er eftir ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með játning ákærða og öðrum skýrslum, að hann stal 8. apríl þ. á. sjóbrók, sem metin hefir verið 9 kr. virði, úr geymsluhúsi við eina sjóbúðina í Hnífsdal. Var brókin geymd upp á lofti í geymsluhúsinu, en húsið var óaflæst, hurðin að eins lögð aftur, hespan niðurhangandi, og hengilásnum smeygt í kenginn í dyrustafnum. Brókinni hefir óskemdri verið skil að aftur eigandanum.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir honum áður verið refsað 5 sinnum, nefnil. 1, samkv. aukaréttardómi Húnavatnsýslu 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggum, fyrir